

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 467/1989. **Protabú Vogalax hf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Vatnsleysustrandarhreppi

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Hafnir. Vörugjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1989. Hann krefst þess, að héraðsdómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Við þingfestingu máls þessa í héraði féll niður þingsókn af hálfu áfrýjanda. Kveður hann það hafa verið vegna mistaka. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á gild forföll, og ber því með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands að leggja dóm á málið, eins og það lá fyrir héraðsdómara. Honum bar þrátt fyrir útivist áfrýjanda að kanna, hvort lagaheimild væri fyrir kröfu stefnda, og kemur það því til skoðunar fyrir Hæstarétti.

II.

Fjárfestingarfélag Íslands hf. gerði 1. október 1981 leigusamning við stefnda um afmarkaða landspildu innan hafnarsvæðis stefnda. Vogalax hf., sem stofnað var í október 1985, varð skömmu eftir stofnun sína aðili að leigusamningi þessum og hóf þar uppbyggingu seiðaeldisstöðvar og hafbeitarstöðvar. Félagið varð gjaldþrota í ágúst 1990, og er því kröfu stefnda í máli þessu beint að áfrýjanda. Málið höfðaði stefndi til greiðslu á vörugjaldi vegna löndunar á hafbeitarlaxi á hafnarsvæði Vogahafnar 1988. Hreppsnefnd vitnar

fyrir Hæstarétti til 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga nr. 69/1984, hafnarreglugerðar fyrir Vogahöfn nr. 498/1975 og gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir nr. 43/1988 sem heimilda fyrir gjaldtökunni. Áfrýjandi telur lagaheimildir ekki til heimtu gjaldsins og bendir auk þess á, að það hafi staðið stefnda næst að fá sett inn í leigusamning um landspilduna ákvæði þess efnis, að félaginu bæri að greiða vörugjald af lönduðum laxi til viðbótar leigugjaldi.

III.

Höfn er skilgreind í 7. gr. hafnalaga á þann veg, að hún sé afmarkað svæði, þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar, losunar og geymslu fljótandi fara, hverju nafni sem nefnast. Einn þáttur í hugtakinu er því sá, að hafnarsvæði sé til notkunar fyrir skip og önnur fljótandi för. Í hafnarreglugerð fyrir Vogahöfn í Gullbringusýslu kemur þessi skilningur glögglega fram, og svo er einnig í gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir.

Í 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga segir, að fyrir afnot hafna skuli greiða „vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu“. Þá segir í 6. gr. gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir, að „vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum eða úr einu skipi í annað innan takmarka hafnarinnar...“ Loks segir í 12. gr. gjaldskrárinnar meðal annars: „4. fl.: Gjald 0,85%: Sjávarafla lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ. m. t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.“ Það er því ljóst, að í ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla um hafnargjöld er miðað við notkun skipa og annarra fljótandi fara á hafnarsvæðinu, og er það í samræmi við framangreinda skilgreiningu í 7. gr. hafnalaga.

Í máli þessu er ekki um að ræða notkun skipa eða annarra fljótandi fara af hálfu áfrýjanda á hafnarsvæði stefnda. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu stefnda, að áfrýjandi hefði engin not haft af hafnarmannvirkjum hans.

Samkvæmt framansögðu brestur lagaskilyrði til þess að heimta hin umkröfðu vörugjöld af áfrýjanda vegna starfsemi hans á hafnarsvæði Vogahafnar, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnda.

Af hálfu áfrýjanda varð útivist í héraði, og hefur hún eigi verið

skýrð. Þykir því rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, þrotabú Vogalax hf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara.

Ágreiningslaust er, að landspilda sú, sem Vogalax hf. hafði á leigu, var innan hafnarsvæðis stefnda. Fyrirtækið hafði þó engin not af höfninni sjálfri, heldur eingöngu af sínum eigin mannvirkjum, sem reist voru meðal annars til að landa endurheimtum laxi.

Í 2. tl. 1. mgr. 11. gr. hafnalaga segir:

„Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.“

Í 2. mgr. greinarinnar segir:

„Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. . . .“

Gjaldskrá um vörugjald þetta er sett með heimild í 13. gr. hafnalaga. Segir meðal annars í 12. gr. gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir nr. 43/1988, en ekki er um það deilt í málinu, að hún hafi verið í gildi 1989:

„ 4. fl.: Gjald 0,85%:

Sjávarafla lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ. m. t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. . . .“

Í þessum ákvæðum er ekki beinlínis mælt fyrir um gjaldskyldu þeirra, sem hafa eldisker á hafnarsvæðinu og aðstöðu til að landa afla um eigin mannvirki, svo sem Vogalax hf. hafði. Þrátt fyrir þetta þykir ákvæðum þessum svo háttað, að öldungis megi jafna aðstöðu Vogalax hf. við aðstöðu annarra, sem ákvæðin taka ljóslega til. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en ekki er deilt um fjárhæðir fyrir Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 6. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað fyrir aukadómþinginu af Vilhjálmi Grímssyni sveitarstjóra fyrir hönd Vatnsleysustrandarhrepps, kt. 521085-0509, Vogagerði 2, Vogum, gegn Vogalaxi hf., kt. 621085-0509, Hafnarstræti 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. ágúst 1989 fyrir Gunnari J. Friðrikssyni, kt. 120521-3499, Snekkjuvogi 6, Reykjavík, stjórnarformanni stefnda.

Stefnukröfur

Stefnandi gerir þær stefnukröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 124.950 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi hafi undanfarin ár rekið laxeldisstöð undir Vogastapa í Vatnsleysustrandarhreppi. Stöðin sé á hafnarsvæði Vogahafnar samkvæmt skilgreiningu reglugerðar um höfnina nr. 498/1975. Samkvæmt skjalaskrá fyrir íslenskar hafnir nr. 495/1986 skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fara um höfnina. Í samræmi við það var stefnda gerður reikningur, dags. 4. janúar 1989, vegna löndunar á laxi á hafnarsvæðinu. Stefndi virðist ekki telja sér skylt að greiða, og sé málsókn þessi því nauðsynleg til að fá úrskurð um réttmæti kröfunnar. Stefnukrafan, 124.950 kr., er tölulega útskýrð í dskj. nr. 3.

Málsatvik og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reikningum á dskj. nr. 3. Stefndi hefur haft afnot af hafnarsvæðinu, sem greiða beri fyrir. Vísar stefnandi til hafnarreglugerðar fyrir Vogahöfn nr. 498/1975, sérstaklega 1. gr. og fyrir-sagnar 3. kafla. Einnig vísar stefnandi til gjaldskrár fyrir íslenskar hafnir nr. 495/1986, sérstaklega 3. gr. og 6. gr. Enn fremur er vísað til hafnalaga nr. 69/1984, sérstaklega 7. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. og 2. tl. 11. gr.

Skjöl og sönnunargögn.

Stefnandi leggur fram skjöl merkt 1 - 7, og eru þau til staðar í málinu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst 21.684 kr. auk söluskatts, 2.332 kr.
Dóminn kvað upp Árni Haukur Björnsson fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vogalax hf., greiði stefnanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 124.950 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar], allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
